# Kolviður, sjóður

## Ársreikningur 2020

Kolviður, sjóður
Þórunnartúni 6
105 Reykjavík

Kt. 560606-1170

# Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og áritun stjórnar ........ 3

Áritun óháðs endurskoðanda ........ 4

Rekstrarreikningur ........ 6

Efnahagsreikningur ........ 7

Yfirlit um sjóðstreymi ........ 8

Skýringar ........ 9

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjórnar

Kolviður er sjóður sem var stofnaður af Skógræktarfélagi Íslands og Landvernd árið 2006. Markmið sjóðsins er aukin binding kolefnis í gróðri og jarðvegi í þeim tilgangi að draga úr styrk koltvíoxíðs (CO2) í andrúmslofti. Sjóðurinn vinnur að þessu markmiði með því m.a. að gefa fyrirtækjum, stofnunum og einstaklingum tækifæri til þess að gerast kolefnishlutlaus. Sjóðurinn hvetur til að dregið sé úr losun gróðurhúsalofttegunda af fremsta megni og kolefnibindingar í jarðvegi og gróðri fyrir þá losun sem óhjákvæmileg er.

Kolviður nýtir Skógarkolefnisreiknir, sem er forrit sem sérfræðingar hjá Skógræktinni hafa útbúið til að meta gróflega mögulega kolefnisbindingu nýskógræktar að teknu tilliti til staðsetningar á Íslandi. Hægt er að velja á milli þriggja landgerða og fimm trjátegunda sem allar eiga það sammerkt að vera helstu trjátegundir í skógrækt og eiga margra áratuga ræktunarsögu á Íslandi. Matið byggir á þúsundum skógmælinga sem gerðar hafa verið á þessum trjátegundum á síðustu 20 árum um allt land. Binding, að frádreginni losun, er áætluð frá gróðursetningu fram til 50 ára aldurs.

Kolviður tekur mið af Skógarkolefni sem Skógræktin hefur gefið út og inniheldur viðmið fyrir vottun og skráningu á kolefnisbindingu með nýskógrækt á frjálsum markaði. Reglur þessar varða skipulag og umhirðu þeirra verkefna sem taka þátt í kolefnisbindingu með nýskógrækt. Í þessum reglum eru sett fram skilyrði fyrir þau verkefni þar sem kolefnisbinding er tilgangurinn. Einnig er þar skilgreind nettókolefnisbinding sem er allt það kolefni sem hefur bundist vegna verkefna og sem hægt er að breyta í skógarkolefniseiningar. Þessu kolefni er síðan deilt á milli tryggingareininga (20%) og handbærra eininga (80%) sem má selja. Frá og með 15. ári er nettó bingind staðfest með vettvangskönnun og mælingum. Ein kolefniseining jafngildir einu tonni af CO2.

Kolviður tekur mið af framangreindum reglum í starfsemi sinni og eru þær hluti af verklagsreglum sjóðsins.

Kolviður sækist eftir landi til plöntunar sem víðast á landinu m.a. til að vera sem næst viðskiptavinum sínum og vegna mismunandi gróðurskilyrða. Lönd eru tekin á leigu til 60 ára og þinglýst kvöð um að skógurinn fái að standa þann tíma en að því loknu eignast landeigandi skóginn. Þar sem því er við komið er unnið að framkvæmdum og gróðursetningu í samstarfi við skógræktarfélag staðarins. Kolviður sækist eftir vottun á starfsemi sinni og því er lögð rík áhersla á gerðir séu skriflegir samingar m.a. um leigu á landi, plöntukaup og önnur aðföng sem og verktakasamninga við þá sem koma að gróðursetningu og öðrum verklegum framkvæmdum.

Á árinu 2020 var hagnaður af rekstri sjóðsins samkvæmt rekstrarreikningi að fjárhæð 4.966 þús. kr. Eigið fé nam 39.645 þús. kr. samkvæmt efnahagsreikningi í árslok.

Enginn starfsmaður var á launaskrá hjá sjóðnum á árinu 2020 en öll þjónusta er aðkeypt.

Stjórn Kolviðar staðfestir hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Reykjavík, 31. ágúst 2021.

[illegible]n (Sep 7, 2021 11:45 GMT)

Jóhannes Bjarki U. Tómasson
Jóhannes Bjarki U. Tómasson (Sep 12, 2021 12:55 GMT)

Jónatan Garðarsson
Jónatan Garðarsson (Sep 6, 2021 11:23 GMT)

Reynir Kristinsson
Reynir Kristinsson (Sep 7, 2021 15:52 GMT)

Rosbjorg Jonsdottir
Rosbjorg Jonsdottir (Sep 6, 2021 11:26 GMT)

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Kolviðar

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Kolviðar ("sjóðurinn") fyrir árið 2020. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sjóðsins 31. desember 2020 og afkomu hans og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi sjóðsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa sjóðinn upp eða hætta starfsemi hans, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.
Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.

- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.

- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert sjóðinn órekstrarhæfan.

- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

## Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 31. ágúst 2021.

***KPMG ehf.***

Ólafur Már Ólafsson

# Rekstrarreikningur ársins 2020

| | Skýr. | 2020 | 2019 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Kolefnisbinding | | 46.789.961 | 40.216.062 |
| Aðrar tekjur | | 1.141.794 | 4.805.962 |
| | | 47.931.755 | 45.022.024 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Kostnaður og breyting skuldbindingar vegna gróðursetningar | 2 | 37.537.496 | 38.258.403 |
| Annar rekstrarkostnaður | 3 | 5.295.014 | 3.537.351 |
| Afskriftir | 4 | 1.667.462 | 974.949 |
| | | 44.499.972 | 42.770.703 |
| Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði | | 3.431.783 | 2.251.321 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | |
| Vaxtatekjur | | 218.571 | 511.529 |
| Vaxtagjöld | | 0 | ( 104.788) |
| Gengisbreyting markaðsverðbréfa | | 1.315.249 | 1.008.507 |
| | | 1.533.820 | 1.415.248 |
| **Hagnaður ársins** | | 4.965.603 | 3.666.569 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2020

| | Skýr. | 2020 | 2019 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Tölvubúnaður | | 2.459.085 | 2.059.343 |
| Fastafjármunir samtals | 1,4 | 2.459.085 | 2.059.343 |
| Birgðir | | 1.237.056 | 1.002.303 |
| Viðskiptakröfur og aðrar kröfur | 5 | 3.781.162 | 15.414.481 |
| Markaðsverðbréf | 7 | 14.796.156 | 13.653.300 |
| Handbært fé | | 18.302.548 | 26.543.414 |
| Veltufjármunir samtals | | 38.116.922 | 56.613.498 |
| **Eignir samtals** | | 40.576.007 | 58.672.841 |
| **Eigið fé** | | | |
| Stofnframlag | | 647.000 | 647.000 |
| Tryggingasjóður | | 8.374.801 | 6.035.303 |
| Óráðstafað eigið fé | | 30.623.523 | 27.997.418 |
| Eigið fé samtals | 8 | 39.645.324 | 34.679.721 |
| **Langtímaskuldbindingar** | | | |
| Skuldbinding vegna gróðursetningar | 9 | 700.920 | 20.462.738 |
| **Skuldir** | | | |
| Skammtímaskuldbinding vegna gróðursetningar | 9 | 0 | 1.280.000 |
| Viðskiptaskuldir | | 229.763 | 2.250.382 |
| Skammtímaskuldir samtals | | 229.763 | 3.530.382 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 40.576.007 | 58.672.841 |

# Yfirlit um sjóðstreymi árið 2020

| | Skýr. | 2020 | 2019 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hagnaður samkvæmt rekstrarreikningi | | 4.965.603 | 3.666.569 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | 4 | 1.667.462 | 974.949 |
| Hækkun skuldbindingar vegna gróðursetningar | | ( 21.041.818) | 16.621.258 |
| Matsbreyting markaðsverðbréfa | | ( 1.315.249) | ( 1.008.507) |
| Veltufé frá rekstri | | ( 15.724.002) | 20.254.269 |
| Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda: | | | |
| Birgðir hækkun | | ( 234.753) | 1.203.001 |
| Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun | | 11.633.319 | ( 11.660.611) |
| Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun) | | ( 2.020.619) | 1.920.324 |
| Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda | | 9.377.947 | ( 8.537.286) |
| Handbært fé frá rekstri | | ( 6.346.055) | 11.716.983 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Fjárfesting í rekstrarfjármunum | | ( 2.067.204) | ( 2.924.850) |
| Keypt og seld verðbréf | | 172.393 | 187.818 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | ( 1.894.811) | ( 2.737.032) |
| **Breyting á handbæru fé** | | ( 8.240.866) | 8.979.951 |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 26.543.414 | 17.563.463 |
| **Handbært fé í árslok** | | 18.302.548 | 26.543.414 |

# Skýringar

## 1. Reikningsskilaaðferðir

**a. Grundvöllur reikningsskila**

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum.

**b. Rekstrarfjármunir**

(i) Færsla og mat

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

(ii) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Hugbúnaður ........ 3 ár

**c. Viðskiptakröfur**

Viðskiptakröfur eru færðar niður í efnahagsreikningi. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá skammtímakröfum í efnahagsreikningi.

## 2. Kostnaður / breyting skuldbindingar vegna gróðursetningar

| | 2020 | 2019 |
|---|---|---|
| Undirbúningur, samningar og skógræktaráætlanir | 8.833.817 | 6.904.384 |
| Vegir, slóðar og girðingar | 2.304.800 | 0 |
| Jarðvinnsla | 115.837 | 115.444 |
| Gróðursetning og umsjón | 25.795.966 | 7.603.465 |
| Trjáplöntur | 18.879.397 | 5.810.851 |
| Rannsóknir | 2.884.250 | 2.406.002 |
| Samtals útlagður kostnaður á árinu | 58.814.067 | 22.840.146 |
| (Lækkun) hækkun skuldbindingar | ( 21.041.818) | 16.621.258 |
| Birgðabreyting | ( 234.753) | ( 1.203.001) |
| Kostnaður og breyting skuldbindingar samtals | 37.537.496 | 38.258.403 |

## 3. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:

| | 2020 | 2019 |
|---|---|---|
| Skrifstofukostnaður | 18.808 | 39.900 |
| Rekstur vefsíðu | 716.789 | 482.324 |
| Bókhald, endurskoðun og reikningsskil | 1.852.950 | 1.275.821 |
| Markaðs- og fundarkostnaður | 128.898 | 265.164 |
| Varúðarniðurfærsla viðskiptakrafna, breyting | 1.268.053 | 334.171 |
| Ökutækjastyrkur | 440.000 | 0 |
| Annar kostnaður | 869.516 | 1.139.971 |
| Samtals | 5.295.014 | 3.537.351 |

## 4. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir samanstanda af tölvubúnaði og kostnaði við vefsíðu og greinast þannig:

| | 2020 | 2019 |
|---|---|---|
| Bókfært verð 1.1. | 2.059.343 | 109.442 |
| Keypt á árinu | 2.067.204 | 2.924.850 |
| Afskrifað á árinu | ( 1.667.462) | ( 974.949) |
| Bókfært verð 31.12. | 2.459.085 | 2.059.343 |
| | | |
| Afskriftahlutföll | 33% | 33% |

## 5. Birgðir

Birgðir í efnahagsreikningi greinast þannig:

| | 2020 | 2019 |
|---|---|---|
| Fræbirgðir | 610.975 | 610.975 |
| Ógróðursettar trjáplöntur | 626.081 | 391.328 |
| | 1.237.056 | 1.002.303 |

## 6. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður um 1.745 þús. kr. í árslok 2020 samanborið við 442 þús. kr. í árslok 2019.

## 7. Markaðsverðbréf

Markaðsverðbréf í vörslu Landsbréfa eru bókfærð eru á markaðsverði og greinast þannig:

| | 2020 | 2019 |
|---|---|---|
| Innlend hlutabréf og skuldabréf | 14.796.156 | 13.567.162 |
| Innlendir peningamarkaðsreikningar | 0 | 86.138 |
| | 14.796.156 | 13.653.300 |

## 8. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

| | Stofnframlag | Trygginga-sjóður | Óráðstafað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Staða 1.1.2020 | 647.000 | 6.035.303 | 27.997.418 | 34.679.721 |
| Hagnaður ársins | | | 4.965.603 | 4.965.603 |
| Framlag í tryggingasjóð | | 2.339.498 | ( 2.339.498) | 0 |
| Staða 31.12.2020 | 647.000 | 8.374.801 | 30.623.523 | 39.645.324 |

## 9. Skuldbinding vegna gróðursetningar

| | 2020 | 2019 |
|---|---|---|
| Skuldbinding í ársbyrjun | 21.742.738 | 5.121.480 |
| (Lækkun) hækkun vegna gróðursetningar | ( 21.041.818) | 16.621.258 |
| Skuldbinding í árslok | 700.920 | 21.742.738 |

Kolviður tekur mið af Skógarkolefni sem Skógræktin hefur gefið út og inniheldur viðmið fyrir vottun og skráningu á kolefnisbindingu með nýskógrækt á frjálsum markaði. Reglur þessar varða skipulag og umhirðu þeirra verkefna sem taka þátt í kolefnisbindingu með nýskógrækt. Í þessum reglum eru sett fram skilyrði fyrir þau verkefni þar sem kolefnisbinding er tilgangurinn. Einnig er þar skilgreind nettókolefnisbinding sem er allt það kolefni sem hefur bundist vegna verkefna og sem hægt er að breyta í skógarkolefniseiningar. Þessu kolefni er síðan deilt á milli tryggingareininga (20%) og handbærra eininga (80%) sem má selja. Frá og með 15. ári er nettó bingind staðfest með vettvangskönnun og mælingum. Ein kolefniseining jafngildir einu tonni af CO2.

## 10. Seld kolefnisbinding og framleiðsla

| | 2020 | 2019 |
|---|---|---|
| Seld kolefnisbinding á árinu í tonnum CO2 | 27.613 | 25.730 |
| Vænt kolefnisbinding vegna plöntunar á árinu í tonnum CO2 | 66.611 | 12.751 |
| Uppsöfnuð vænt heildar- kolefnisbinding í tonnum CO2 | 142.905 | 76.294 |

# Kolviður - ársreikningur 2020-til undirritunar

Final Audit Report 2021-09-12

| | |
|---|---|
| Created: | 2021-09-06 |
| By: | Ragnhildur Freysteinsdóttir (rf@skog.is) |
| Status: | Signed |
| Transaction ID: | CBJCHBCAABAAuJpGLLfvWKWp4C_46Z5OxLONiRPWiySM |

## "Kolviður - ársreikningur 2020-til undirritunar" History

Document created by Ragnhildur Freysteinsdóttir (rf@skog.is)
2021-09-06 - 11:19:35 AM GMT- IP address: 85.220.8.30

Document emailed to Brynjólfur Jónsson (bj@skog.is) for signature
2021-09-06 - 11:22:34 AM GMT

Document emailed to Jóhannes Bjarki U. Tómasson (johannesbjarki@gmail.com) for signature
2021-09-06 - 11:22:35 AM GMT

Document emailed to Jónatan Garðarsson (jonatang@simnet.is) for signature
2021-09-06 - 11:22:35 AM GMT

Document emailed to Reynir Kristinsson (reynir@kolvidur.is) for signature
2021-09-06 - 11:22:35 AM GMT

Document emailed to Rosbjorg Jonsdottir (rosbjorg@cognitio.is) for signature
2021-09-06 - 11:22:35 AM GMT

Email viewed by Jónatan Garðarsson (jonatang@simnet.is)
2021-09-06 - 11:22:50 AM GMT- IP address: 37.152.66.243

Email viewed by Brynjólfur Jónsson (bj@skog.is)
2021-09-06 - 11:23:17 AM GMT- IP address: 193.109.17.10

Email viewed by Rosbjorg Jonsdottir (rosbjorg@cognitio.is)
2021-09-06 - 11:23:24 AM GMT- IP address: 194.144.97.28

Document e-signed by Jónatan Garðarsson (jonatang@simnet.is)
Signature Date: 2021-09-06 - 11:23:46 AM GMT - Time Source: server- IP address: 37.152.66.243

Email viewed by Reynir Kristinsson (reynir@kolvidur.is)
2021-09-06 - 11:24:40 AM GMT- IP address: 85.220.88.129

Document e-signed by Rosbjorg Jonsdottir (rosbjorg@cognitio.is)
Signature Date: 2021-09-06 - 11:26:28 AM GMT - Time Source: server

Email viewed by Brynjólfur Jónsson (bj@skog.is)
2021-09-07 - 11:43:47 AM GMT

Document e-signed by Brynjólfur Jónsson (bj@skog.is)
Signature Date: 2021-09-07 - 11:45:25 AM GMT - Time Source: server

Email viewed by Reynir Kristinsson (reynir@kolvidur.is)
2021-09-07 - 3:51:31 PM GMT

Document e-signed by Reynir Kristinsson (reynir@kolvidur.is)
Signature Date: 2021-09-07 - 3:52:56 PM GMT - Time Source: server

Email viewed by Jóhannes Bjarki U. Tómasson (johannesbjarki@gmail.com)
2021-09-12 - 12:53:01 PM GMT

Document e-signed by Jóhannes Bjarki U. Tómasson (johannesbjarki@gmail.com)
Signature Date: 2021-09-12 - 12:55:29 PM GMT - Time Source: server

Agreement completed.
2021-09-12 - 12:55:29 PM GMT

Adobe Sign